

## Læsi og samskipti

### Markmið

- Lestur, daglega
- Bókaormur dagsins
- Sjónrænt læsi
- Tákni með tali
- Lubbi finnur málbein
- PECS
- Hópastarf

### Leiðir

- Sögustundir eftir matmálstíma (morgunmat eða hádegismat).
- Bókaormur dagsins, eitt barn á hverju borði fær að koma með bók í leikskólann. Við skráum lestur bóka og höfum sjónrænan bókaorm.
- Hafa ritmál sýnilegt á deildinni. Dagasögur, reglur, merkingar, þulur, söngtextar og fleira.
- Tákni með tali í daglegum athöfnum. Tákni sjónræn og í notkun. Tákni notuð í sönglögum.
- Eiga í góðum samskiptum við börnin
- Lubbastundir daglega. Hljóð vikunnar og orð vikunnar.
- PECS er notað markvisst með nokkrum börnum deildarinnar, allir læra á tjáningaform PECS og læra að nýta sér það.
- Í hópastarfi er markviss kennsla um læsi, skólaverkefnavinnu og umhverfið.

### Ábyrgð

Allir

### Hvenær á verkefni að ljúka

Lok skólaárs. Endurmat í maí/júní.

## Heilbrigði og vellíðan

### Markmið

- Útivera og skógarferðir
- Mataræði
- Vinátta
- Hvíld
- Umhyggja

### *Leiðir*

- Öll börn fara einu sinni í skógarferð í viku, stundum tvisvar. Öll börn fara daglega í útiveru. Þau læra hvernig þau klæða sig til að líða vel úti, við hvetjum þau til þess að klæða sig sjálf og úti fá börnin góða hreyfingu.
- Rólegt andrúmsloft í matartímum. Læra sitt magamál með því að skammta sér sjálf, ávextir, grænmeti og tala vel um matinn.
- Vináttuverkefni(föstudagar) og Dagasögur.
- Rólega hvíld fyrir alla, hlustað á hljóðsögur.
- Við erum til staðar, ávallt tilbúin til þess að hlusta og komum til móts við þarfir hvers og eins.

### *Ábyrgð*

Allir

### *Hvenær á verkefni að ljúka*

Lok skólaárs. Endurmat í maí/júní.

## **Sjálfbærni og vísindi**

### *Markmið*

- Gróður
- Moltugerð og ánar
- Sullukar
- Útivera/skógarferðir
- Gullkorn

### *Leiðir*

- Gróðursetja allt árið inni, matjurtir, plöntur og úr fræjum úr ávöxtum sem við borðum. Á vorin gróðursetjum við matjurtir úti.
- Við sjáum um moltugerð úti á Friðlandi og á deildinni erum við með ána sem búa til mold. Börnin læra á hringrás lífsins.
- Markvisst í sullukarinu, vísindi fyrir börnin, leika í vatninu og upplifa nýja hluti, t.d. raksápa, dollur, skeljar, steinar og allt sem börni vilja.
- Að minnsta kosti einu sinni í viku í skóginn og á föstudögum aðra hverja viku, borðað er í skóginum og hvíld ásamt öðru starfi. Útivera á hverjum degi, gönguferðir og fjölbreytt útikennsla.
- Gullkorn barnanna skráð niður á miða og færð yfir í ferilmöppur þeirra.

### *Ábyrgð*

Allir

*Hvenær á verkefni að ljúka*

Lok skólaárs. Endurmat í maí/júní.

## Sköpun og menning

*Markmið*

- Listastofa
- Umhverfi
- Fjölbreytileiki
- Dagasögur, þemaverkefni
- Bókasafn

*Leiðir*

- Leyfa börnunum að skapa og upplifa fjölbreyttan efnivið, áferð, lögun. Allur efniviður er aðgengilegur fyrir börnin.
- Árstíðir og verkefni tengd þeim, hvar eigum við heima, íslandskort, umferðarreglur, vinátta, verkefni tengd dagagestum, hugmyndafræði dauðu músarinnar og fleira.
- Menning, vinátta, leyfa börnunum að upplifa ólíka menningu og kynnast henni. Við komum til móts við þörfum barnanna, foreldra og starfsfólks.
- Í hverjum mánuði er ákveðinn dagagestur og þemaverkefni tengd þeim gesti.
- Í hverjum mánuði fara börnin í gönguferð á bókasafnið. Börnin velja bækur á bókasafninu og upplifa fjölbreytta menningu.

*Ábyrgð*

Allir

*Hvenær á verkefni að ljúka*

Lok skólaárs. Endurmat í maí/júní.